



**Fundargerð stjórnarfundar 4. apríl 2011, Fjórðungssambands Vestfirðinga, haldinn á skrifstofu Fjórðungssambands Vestfirðinga Árnagötu 2-4, Ísafirði, kl 20.30 og í síma frá Reykjavík.**

Mætt voru til fundar Albertína Fr Elíasdóttir, formaður, Friðbjörg Matthíasdóttir, Jón Jónsson, Ómar Már Jónsson og Sigurður Pétursson (í síma).

1. Stjórnarfundur Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks  
Formaður kynnti að Arnheiður Jónsdóttir væri forfölluð af óviðráðanlegum ástæðum.
  - a. Fundargerð verkefnahóps 2. febrúar 2011. Fundargerð samþykkt
  - b. Fundargerð verkefnahóps, 23. mars 2011. Lögð fram fundargerð verkefnahóps Byggðasamlags Vestfjarða, rædd atriði 3. , 7. og 8. lið og framkvæmdastjóri fór yfir efni máls en umræðu frestað til næsta fundar. Fundargerð samþykkt.
  - c. Önnur mál.  
Dagsetning funda stjórnar BS Vest verði sem hér segir, 29. apríl á Ísafirði, þann 30. maí á Patreksfirði og 18. júní, staðsetning ákveðin síðar.
2. Fundargerð stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga, 11. mars 2011.  
Fundargerð send út í tölvupósti 15. mars, engar athugasemdir bárust. Fundargerð borin upp og samþykkt.
3. Fundur ríkisstjórnar á Ísafirði, 5. apríl 2011.
  - a. Fundur sveitarfélaga á Vestfjörðum, 5. apríl í Edinborgarhúsi á Ísafirði  
  
Til þessa fundar er boðað vegna undirbúnings sameiginlegs fundar sveitarfélaga og ríkisstjórnar. Tilgangur fundarins er að samræma framsetningu mála gagnvart ríkisstjórn. Vænst var að tillögur ríkisstjórnar um verkefni á Vestfjörðum kæmu til umræðu en af því verður ekki.
  - b. Dagskrá fundar ríkisstjórnar með sveitarfélögum á Vestfjörðum  
  
Fundi þessum hefur þurft að fresta í tvígang vegna samgönguferfiðleika. Kynnt dagskrá fundarins, fundarstjóri verður Magnús Reynir Guðmundsson, Ísafirði. Fundinn sækja ráherrar ríkisstjórnar og fulltrúar allra sveitarfélaga á Vestfjörðum. Framsögu á fundinum munu eiga Jóhanna Sigurðardóttir, forsætisráðherra, Albertína Fr Elíasdóttir, formaður, Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri, Vesturbyggð, Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, oddviti, Tálknafjarðarhrepps, Elías Jónatansson, bæjarstjóri, Bolungarvíkurkaupstað og Ingibjörg Valgeirsdóttir, sveitarstjóri Strandabyggðar.
4. Menningarsamningur Vestfjarða fyrir árin 2011-2013



Formaður kynnti tölvupóst frá mennta- og menningarmálaráðuneytið frá 1. apríl s.l. þar sem lögð er fram ný tillaga að menningarsamningi við sveitarfélög á Vestfjörðum með áorðnum breytingum, með vísan til athugasemda stjórnar Fjórðungssambands frá 11. febrúar s.l..

Gera þarf að nýju athugasemd við fyrirbyggjandi drög er varðar 2. grein samningsins þar sem kveðið er á um skipan fulltrúa sveitarfélaga á grundvelli samstarfssvæða. Samþykktum menningarráðs var breytt á aðalfundi þann 4. september 2010 þar sem svæðaskipting var aflögð.

Framkvæmdastjóra falið í samstarfi við Menningarráð Vestfjarða að óska eftir breytingu eða sem hér segir.

*Menningarráð skal skipað fimm fulltrúum og jafnmörgum til vara, á grundvelli samstarfssamnings sveitarfélaganna sem að samningi þessum standa. Við tilnefningar í ráðið skal gæta þess að í því sitji konur og karlar sem þekkja vel til menningarstarfs á landinu sem og á svæðinu.*

Stjórn samþykkir samning að öðru leyti og felur framkvæmdastjóra óska eftir afstöðu sveitarfélaga á Vestfjörðum til efni hans og samhliða verði lagður fram nýr samstarfssamningur milli sveitarfélaga á Vestfjörðum í samræmi við 2. grein samningsdraga samanber samþykkt stjórnar 11. febrúar s.l. Framkvæmdastjóra falið að vinna að málinu í samráði við Menningarráð Vestfjarða.

## 5. Sóknaráætlun landshluta

### a. Fundargerð samstarfshóps LHSS og ráðuneyta, 24. mars 2011

Kynnt fundargerð samráðshóp LHSS með innanríkisráðuneyti, iðnaðarráðuneyti og forsætisráðuneyti um sóknaráætlun landshluta.

### b. Samráðsfundur á Vestfjörðum

Kynning á Ísland 20/20 – sókn fyrir atvinnulíf og samfélag fer nú fram með fundum um land allt. Samþykkt að slíkur fundur verði haldinn samhliða námsskeið fyrir sveitarstjórnarmenn þann 29. apríl 2011.

## 6. Beiðni iðnaðarráðuneytis um tilnefningar í starfshóp um orkuöryggi á Vestfjörðum

Formaður kynnti bréf iðnaðarráðuneytis dags 25. mars s.l. með beiðni um skipan þriggja fulltrúa að hálfu Fjórðungssambands Vestfirðinga í fastan starfshóp um orkumál á Vestfjörðum. Verkefni starfshópsins verði að fylgja eftir tillögum ráðgjafahóps iðnaðarráðherra samkvæmt skýrslu starfshópsins „Orkuöryggi á Vestfjörðum – Áhrif á samkeppnisstöðu og atvinnuþróun“. Skýrslan var kynnt að hálfu ráðherra með fundum á Patreksfirði og Ísafirði þann 7. mars s.l..

# Fjórðungssamband Vestfirðinga



Iðnaðarráðuneyti fer þess á leit við Fjórðungssamband Vestfirðinga að skipun verði með þeim hætti að skipa skal einn fulltrúa frá þremur skilgreindum svæðum á Vestfjörðum, Suðursvæði (Vestur Barðastrandasýslu), Norðursvæði (Ísafjarðarsýslur) og Strandir / Reykhólar (Strandasýsla án Bæjarhrepps og Austur Barðastrandssýsla). Samkvæmt 15. gr. laga nr 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna ber að tilnefna tvo einstaklinga af sitt hvoru kyni fyrir hvert svæði.

Formaður kynnti bréf Vesturbyggðar dags. 24. mars s.l. þar sem tilkynnt er sameiginleg afstaða Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps um skipan Ásthildar Sturludóttur, bæjarstjóra Vesturbyggðar í framangreindan starfshóp.

Formaður lagði fram eftirfarandi tillögu;

Fulltrúar suðursvæðis; Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri, Vesturbyggð / Guðmundur V Magnússon, framkvæmastjóri Íslenska kalkþörungafélagsins ehf, Bíldudal, Vesturbyggð.

Fulltrúar norðursvæðis; Kristín Hálfðánsdóttir rekstarstjóri Landaflutningar/Samskipa, Ísafirði og fulltrúi í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar / Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri Súðavíkurbhrepps.

Fulltrúar Stranda og Reykhóla, Oddný Þórðardóttir oddviti, Árneshrepps og Gústaf Jökull Ólafsson oddviti Reykhólahrepps.

## 7. Önnur mál.

### a. Sönglagakeppni Vestfjarða 2010

Kynnt beiðni frá Þórði Vagnssyni sölustjóra á hljómdiskins “Sönglagakeppni Vestfjarða”. Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga óskar aðilum þessa verkefnis til hamingju með glæsilegan disk, en sér ekki fært að vera við erindinu enda er ekki gert ráð fyrir verkefni af þessu tagi í fjárhagsáætlun.

### b. Taiex, fundur 14. og 15. apríl

Kynnt málstofa á vegum ESB um stjórnkerfi evrópskra byggðamála og þátt sveitarstjórnstigsins á þeim vettvangi. Stjórn samþykkir að stjórn og framkvæmdastjóri sækir þessa málstofu eftir því sem kostur er.

### c. Fyrirspurnir.

Spurst fyrir um árangur af auglýsingu eftir stafsmönnum sem auglýst voru undir lok mars s.l.. Spurst fyrir um stöðu samstarfs Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða og Fjórðungssamband Vestfirðinga. Formaður vísaði til samráðsfundar stofnana stoðkerfis sem haldinn verður 5. apríl.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 23.00.

*Fjórðungssamband Vestfirðinga, Árnagötu 2-4, 400 Ísafirði  
Sími 450 3000. Bréfsími 450 3005.*

*Netfang skrifstofa@fjordungssamband.is. Heimasíða www.fjordungssamband.is*